

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 126 (16.9.2024) - Leikskólinn Bjarkatún skólaárið 2024 - 2025

Málsnúmer : 202401181
Málsaðili : Múlaþing
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 16.09.2024

Inngangur : Fyrir liggur bókun frá 111. fundi fjölskylduráðs þar sem samþykkt var að sótt yrði um styrk í fiskeldissjóð fyrir viðbyggingu við leikskólann Bjarkatún á Djúpavogi. Jafnframt var óskað eftir því að starfsfólk umhverfis- og framkvæmdasviðs hæfist strax handa við þarfagreiningu og hönnun á fyrirhugaðri viðbyggingu.

Niðurstaða : Fræðslustjóri situr fundinn undir þessum lið.
Fyrir liggur bókun frá 111. fundi fjölskylduráðs þar sem samþykkt var að sótt yrði um styrk í fiskeldissjóð fyrir viðbyggingu við leikskólann Bjarkatún á Djúpavogi. Jafnframt var óskað eftir því að starfsfólk umhverfis- og framkvæmdasviðs hæfist strax handa við þarfagreiningu og hönnun á fyrirhugaðri viðbyggingu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela framkvæmda- og umhverfismálastjóra að vinna málið áfram í samræmi við bókun fjölskylduráðs. Samhliða þeirri vinnu verði unnið að undirbúningi umsóknar í Fiskeldissjóð. Ráðið vísar málinu til kynningar í heimastjórn Djúpavogs og felur starfsmanni að fylgja því eftir.

Samþykkt samhljóða.